

Samkomulag um félags- og tómstundastarf eldri borgara á Álftanesi

Garðabær kt. 570169-6109, og Félag eldri borgara á Álftanesi, (FEBÁ), kt. 480897-2699, gera með sér svohljóðandi samkomulag um félags- og tómstundastarf eldri borgara (60 ára og eldri) á Álftanesi.

1. gr.

Tilgangur og markmið

FEBÁ er sjálfstætt félag sem starfar samkvæmt eigin lögum, Tilgangur og hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna og réttinda eldra fólks á Álftanesi í hvívetna og vinna að málefnum aldaðra í landinu. Félagið starfar eftir mótaðri stefnu þar sem lögð er áhersla á almennt félags- og tómstundastarf af ýmsu tagi með þátttöku sem flestra.

2. gr.

Félags- og tómstundastarf

Garðabær styrkir félags- og tómstundastarf FEBÁ með árlegu fjárframlagi, kr. 1.500.000, einmilljón, fimmmhundruðþúsund fyrir hvert samningsár. Ársskýrsla og ársreikningur FEBÁ skal afhentur sveitarfélaginu áður en fjárframlag hvers árs verður greitt félaginu.

Félags- og tómstundastarfið hefur frá stofnun FEBÁ verið vettvangur samfunda og skapandi athafna eldri borgara á Álftanesi og markmið samningsaðila er að þrátt fyrir sameiningu sveitarfélaganna Garðabæjar og Álftaness verði fyrirkomulag og skipulag starfsins óbreytt. Félagið hefur frá upphafi stefnt að virkri þátttöku eldri borgara á Álftanesi og kynnt starfsemi sína. Ferðalög og dagsferðir hafa verið farnar og verður svo áfram.

FEBÁ mun í samvinnu og samráði við fjölskyldusvið Garðabæjar vinna að framgangi félags- og tómstundastarfs eldri borgara á Álftanesi.

3. gr.

Fréttabréf og dreifing

Garðabær mun sjá um kostnað við prentun og dreifingu fréttabréfs FEBÁ í samræmi við fjárhagsáætlun sem stefnt er að útgáfu á tvisvar á ári og einnig dreifibréf eftir því sem þurfa þykir. Garðabær hefur tækifæri til þess að koma á framfæri skilaboðum í fréttabréfið/dreifibréfið. Kostnaðarþátttaka Garðabæjar er háð fyrirvara um fjárheimild í samþykktari fjárhagsáætlun.

4. gr.

Aðstaða til félagsstarfs og tómstunda

Garðabær samþykkir að FEBÁ fái áfram endurgjaldslaust afnot af Litlakoti og öðrum mannvirkjum í eigu sveitarfélagsins til starfseminnar í samráði við viðkomandi forstöðumann mannvirkjanna.

5. gr.

Gildistími

Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á því á tímabilinu.

Garðabæ, 26. apríl 2018.

F.h. Garðabæjar
Með fyrirvara um
samþykki bæjarráðs

F.h. FEBÁ

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Reynir Hlíðar Jóhannsson,
formaður.

